

AUGLÝSING

16

31. jan.

um framlengingu reglugerðar um fasteignaskatt í Reykjavík,
nr. 117 22. nóvember 1938.

Reglugerð um fasteignaskatt í Reykjavík, nr. 117 22. nóvember 1938, framlengist til þess að gilda áfram um næstu fimm ár frá og með 1. janúar 1949 að telja.

Ákvörðun þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar hefur gert og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigríðar Friðbertsdóttur og Þorvalds Gissurarsonar, og sonar þeirra, Gissurar Þorvaldssonar frá Selárdal“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. febr. 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

17

1. febr.

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigríðar Friðbertsdóttur og Þorvalds Gissurarsonar, og sonar þeirra, Gissurar Þorvaldssonar frá Selárdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður hjónanna Sigríðar Friðbertsdóttur og Þorvalds Gissurarsonar, og sonar þeirra, Gissurar Þorvaldssonar frá Selárdal.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3341.00 — þrjú þúsund þrjú hundruð fjörutíu og ein króna —. Enn fremur á sjóðurinn 1 hndr. f. m. í jörðinni Suðureyri í Ségundafirði, tekur hann tekjur af því, þó með þeim takmörkunum, að Guðmundur Þorvaldsson, Suðureyri, má hafa leigulaust grasnyt þess, meðan hann getur notað hana.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum, áheimtum og minningargjöfum, leggst það fé við höfuðstól hans.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Ségfirðinga, eða á annan tryggan hátt.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda kirkjugripum Suðureyrarkirkju og að fegra hana og prýða á allan hátt.

17

1. febr.

Meðan árstekjur sjóðsins ná ekki 400 krónum, má verja helming þeirra til að vinna að markmiði hans, en þrem fjórðu hlutum, eftir að þær hafa náð þeirri upphæð, hinn hlutinn leggst við höfuðstól. Það skerðir ekki rétt til að taka af tekjum sjóðsins í þessu markmiði, þó eitt eða fleiri ár líði, svo ekkert sé gert.

6. gr.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn sóknarnefndar Staðarsóknar, sér hún um allar fjárreiður sjóðsins og býr til reikninga hans. Skulu þeir endurskoðaðir árlega með reikningum kirkjunnar. Verði sú breyting á skipun kirkjumála, að störf sóknarnefnda falli niður, fellur stjórn sjóðsins undir hliðstæða aðila.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Suðureyri í Sógandafirði, 30. nóv. 1948.

Valdimar Þorvaldsson.

Kr. G. Þorvaldsson.

Guðm. Þorvaldsson.

18

1. febr.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Seyðisfjarðarkirkju“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. febr. 1949. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Seyðisfjarðarkirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Seyðisfjarðarkirkju.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla hag kirkjunnar og kirkjulegt starf á Seyðisfirði.

3. gr.

Sjóðinn skal fyrst og fremst nota til þess að sjá kirkjunni fyrir nauðsynlegum tækjum til hennar þjónustu, og að afla henni nýtra tækja, er í framtíðinni kunna að verða talin nauðsynleg til eflingar kirkjulegu starfi í sókninni. Enn fremur skal nota sjóðinn til eflingar kirkjusöngnum. Að öðru leyti hefur stjórn sjóðsins frjálsar hendur um notkun hans til kirkjulegs starfs, þegar þörf krefur og fært þykir.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Allt samskotafé, gjafir og áheiti, er kirkjunni kann að áskotnast, nema gefið sé í öðrum tilgangi en þeim, er sjóðurinn hefur.
2. Árleg fjársöfnun til sjóðsins, er stjórn hans gengst fyrir í sambandi við kirkjulega samkomu (kirkjudag Seyðisfjarðarkirkju) o. s. frv.
3. Tekjur af öðrum samkomum, happdrætti eða hlutaveltum, er stjórn sjóðsins kann að gangast fyrir.